

Sveitarstjórn - 365 (23.1.2024) - Frá 16. fundi skipulagsráðs þann 10.01.2024; Dalvík miðsvæði - nýtt deiliskipulag**Málsnúmer** : 202202043**Málsaðili** : Dalvíkurbyggð**Niðurstaða** : Samþykkt**(stutt)****Niðurstaða** : Til máls tók: Freyr Antonsson sem leggur fram eftirfarandi tillögu: "Sveitarstjórn felur skipulagsráði að vinna vinnslutillögu á næsta fundi sínum sem kynnt verði íbúum Dalvíkurbyggðar í febrúar." Fleiri tóku ekki til máls. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu skipulagsráðs og samþykkir að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 í samræmi við tillöguna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu forseta sveitarstjórnar um að fela skipulagsráði að vinna vinnslutillögu á næsta fundi sínum sem verði kynnt íbúum Dalvíkurbyggðar í febrúar.**Inngangur** : Á 16. fundi skipulagsráðs þann 10. janúar sl. var eftirfarandi bókað: "Ágúst Hafsteinsson hjá form ráðgjöf ehf. fór yfir tillögu að nýu deiliskipulagi íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæðis í miðbæ Dalvíkur í kjölfar ábendinga frá fundi skipulagsráðs þann 13. desember 2023. Ágúst sat fundinn undir þessum dagskrárlið. Niðurstaða: Skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að vinna með skipulagshönnuði að tillögu á vinnslustigi og leggja fyrir næsta fund ráðsins. Þá leggur skipulagsráð til við sveitarstjórn að hún samþykki að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 í samræmi við tillöguna."**Fundardags** : 23.1.2024**Skráð dags** : 24.1.2024 08:09:51**Höfundur** : Friðjón Árni Sigurvinsson